

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samskipti Orkuveitu Reykjavíkur og borgarstjóra í tengslum við starfsmannamál

Á fundi borgarráðs þann 13. september sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um samskipti við borgarstjóra vegna þeirra mála sem komið hafa upp í Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækja hennar er varða starfsmannamál að undanfögnu.

Svar:

Mál Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið á borðum stjórnar fyrirtækisins. Líkt og fram hefur komið greindi forstjóri OR borgarstjóra og stjórnarformanni OR frá því samdægurs að stjórn Orku náttúrunnar hefði ákveðið að segja upp framkvæmdastjóra ON og tildrög þess. Að öðru leyti hefur stjórnarformaður OR haldið borgarstjóra upplýstum um gang mála en sem kunnugt er kallaði stjórn OR eftir úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á starfsmannamálum fyrirtækisins. Enginn starfsmaður hefur snúið sér beint til borgarstjóra vegna þeirra starfsmannamála sem verið hafa til umfjöllunar, en aðstandandi eins starfsmanns gerði það hins vegar. Þeim samskiptum var komið á framfæri við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar, í samræmi við þær leiðbeiningar sem kjörnir fulltrúar borgarinnar fengu varðandi málsmeðferð hugsanlegra ábendinga varðandi starfsmannamál OR og dótturfyrirtækja

Dagur B. Eggertsson

